

**Ed.**

**461. Breytingartillaga**

**[139. mál]**

við brtt. á þskj. 365 [Almannatryggingar].

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meginmál tillgr. orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr., skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð. Nú hefur vísitöluálag á tekjustofna Tryggingastofnunarinnar næstliðið ár verið lægri en vísitöluuppbót á bætur hennar, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að hækka álagið á tekjuliðina um allt að því, sem vísitölumismunurinn nam. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi skv. kaupgjaldsvísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.